

Foreldrafélag Núps - Fundargerð

Fundur nr. 1, skólaárið 2020/2021

Staður: Rafrænn fundur í gegnum forritið Zoom.

Dagsetning: 13. október 2020

Tími: 20:30

Fundarritari: Auður

Mættir: Halldóra, Inga, Ester, Kristín, Auður, Madda og Bryndís

Dagskrá: Viðburðir vetrarins

Byrjað var á því að ákveða hverjir tækju að sér embætti formanns, gjaldkera og ritara foreldrafélagsins.

- Formaður er Halldóra Brynjólfssdóttir
- Gjaldkeri er Kristín Fanney Þorgrímsdóttir
- Ritari gegna Auður Böðvarsdóttir og Magðalena Sigríður Kristjánsdóttir

Kristín gjaldkeri hefur sent úr 84 greiðsluseðla, þeir voru með gjalddaga 20. okt og eindaga 5. nóv. Aðeins 7 búnir að borga en það er svo sem ekki marktækt hvað koma skal í þeim efnum. En skot í myrkri að það verði meiri afföll af greiðslum þennan veturinn samanber aðra vetra.

Hér fyrir neðan má sjá grófa áætlun fyrir tekjur og mögulegan kostnað þeirra liða sem er líklegt að verði.

Gróf áætlun fyrir 2020-2021

	Ef allir borga	Ef 10 borga ekki	Ef 10 borga ekki
Tekjur	489.700	430.700	430.700
Dans	203.000	203.000	109.000
Jólaleikrit	65.000	65.000	65.000
Jólasveinar	35.000	35.000	35.000
Jólagjöf	30.000	30.000	30.000
Morgunkaffi	45.000	45.000	45.000
Innheimtuk.	9.000	9.000	9.000
Fimleikasalur			
Fyrirlestur			
Vorhátíð			
Annað			
Afgangur	102.700	43.700	137.700

Eins og kom fram á aðalfundinum að þá ætlum við að skipuleggja hefðbundin vetur og bregðast við ef þarf. Svana var búin að panta jóllaleikritið og Ester tekur að sér að bóka jólasveinana. Það hefur verið ánægja með sveinkana og kostnaðurinn haldist svo við sjáum ekki ástæðu fyrir öðru en að bóka þá aftur. Miklar umræður sköpuðust um jólapakka allir sammála um að reyna að miða við um 500 kr. en mætti vera rúmlega það og vera örlítið veglegri í ár en fyrri ára. Vasaljósahugmyndin enn sterk í hugum meðlima og töldu þeir mikilvægt að vasaljósinn væru þá barnvæn og örugg. Inga ætlar að skoða stóra vasaljósamálið. Hugmyndir að sölustöðum komu upp eins og Byko, Hagkaup, verkfæralagerinn og Tiger. Aðrar jólagjafahugmyndir voru ræddar eins og hjólalás eða taupoki sem hægt er að skreyta. Hvað varðar taupokann að þá væri skemmtilegt að grípa til þeirrar hugmyndar á nýju ári. Ester ætlar að kanna hvernig staðið var að þessu verkefni/hugmynd í vinnunni sinni (starfar í leikskóla).

Dansinn var ræddur og við ætlum að stefna að hafa hann á nýju ári ef Covid leyfir, stefnt væri að því að hafa hann milli „bylgna“. Meðlimum þykir 3 skipti heldur of fá og ætlar Stína að kanna hvort að Dagný danskennari gæti tekið að sér 4 skipti. Við erum þá að horfa á tímabilið kringum páska, apríl/maí.

Morgunkaffi starfmannanna rætt og við stefnt að því að hafa það 19. nóv ef sóttvarnarhólfir verða afnumin og þau geta notið stundarinnar saman allir starfsmennirnir. Morgunmaturinn hefur verið að kosta um 45 þúsund og verður áfram miðað við það. Bryndís talaði um að við værum að horfa á starfsmannakaffi fyrir um 34 manns. Fyrri ár hefur foreldrafélagið verið að panta morgunmatinn frá Jóa Fel en nú stendur það ekki til boða svo það þarfnast smá rannsóknarvinnu hvað hentar hópnum best. Auður ætlar að taka það verkefni að sér, eftirfarandi hugmyndir komu fram:

- Reynir bakari
- Brauðkaup
- Bakameistarinn
- Lemon + kaka
- yndisauki

Við viljum halda áfram að bóka Eirík Inga ljósmyndara, sama með hann og Dagnýju, að hann þyrfti að vera í svokallaðri biðstöðu og koma inn þegar „bylgjan“ er í lægt og sóttvarnir leyfa. Ester ætlar að heyra í honum.

Ákveðið var að bíða með að bóka frekari viðburði. Stefnt er að því að skoða það á nýju ári að halda fræðslu fyrir foreldra í með rafrænum hætti og fá þá aftur foreldrafélag Dal með okkur í það verkefni. Vorfagnaður, sveitaferð og fimleikasalur verða einnig settar á smá ís þar til eftir áramót þegar fjármagn og samfélagsstaðan orðin örlítið ljósari.

Plan B er þá auðvitað viðburður á lóðinni (Skoppa og Skríttla, Leikhópurinn Lotta, Sirkus Ísland, Töframaður etc. Tökumst á við það ef að því kemur 😊

21:36 fundi slitið